

Nd.

**346. Frumvarp til laga**

[141. mál]

um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár.

Frá landbúnaðarnefnd.

**1. gr.**

Veita má Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og Reykjavíkurbæ, öðrum aðila eða báðum, leyfi til þess að flytja inn nautgripi eða sæði úr nautum af hreinræktuðum holdakynjum og mjólkurkynjum til þess að hreinrækta slík kyn hér á landi og kynbæta hinn innlenda nautgripastofn til kjötframleiðslu og mjólkurframleiðslu.

**2. gr.**

Leyfi til þess að flytja inn nautgripi eða sæði samkvæmt 1. gr. skal bundið þeim skilyrðum, að hlutaðeigandi aðili stofni og reki bú í eyju í nágrenni Reykjavíkur, er sé fullkomin sóttkvi, enda sé búið þannig stundað, að fullkomnar varúðar- og sóttvarnarráðstafanir séu viðhafðar í öllum greinum. Skal búskap og allri einangrun í öllu hagað svo sem fyrir er mælt í 4.—10. gr. laganna.

**3. gr.**

Heimild þá, sem felst í lögum þessum, má landbúnaðarráðherra því aðeins nota, að Búnaðarfélag Íslands og tilraunaráð búfjárræktar mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn. Búnaðarfélag Íslands og tilraunaráð búfjárræktar skulu samþykkja val nautgripakynja þeirra, sem inn eru flutt eða sæði er flutt inn úr, svo og val hinna innlendu nautgripa, sem notaðir eru til kynblöndunar.

**4. gr.**

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og tilraunaráðs búfjárræktar með samþykki yfirdýralæknis. Skal þar setja greinileg ákvæði um rekstur sóttvarnar- og kynblöndunar-búsins, svo og um hvenær og á hvern hátt má flytja þaðan sæði og búpening til frekari kynbóta annars staðar.

**5. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt að beiðni landbúnaðarráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum við það og einnig að greiða atkvæði gegn frv. Frv. fylgdu svolátandi athugasemdir:

Frumvarp hliðstætt þessu var flutt á Alþingi 1948 og aftur lagt fyrir þingið 1949, en varð eigi útrætt. Fylgdi því 1948 greinargerð svo hljóðandi:

„Mikill áhugi er fyrir því að efna til kynblöndunar og kynbóta á íslenskum nautgripum, bæði með aukna og bætta mjólkur- og kjötframleiðslu fyrir augum. En sökum hættu þeirrar, er stafað getur af innflutningi erlends búfjár, þykir rétt að lögfesta hinar fyllstu varúðarráðstafanir.

Í lögum nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár, eru engin bein ákvæði um innflutning sæðis til tæknifrjóvgunar né hvernig með skuli fara, ef hann er leyfður.

Samband íslenzkra samvinnufélaga hefur farið þess á leit við landbúnaðarráðuneytið að mega flytja inn sæði til þess að koma upp innlendu holdakyni nautpenings með tæknifrjóvgun og kynblöndun. Býðst Samband íslenzkra samvinnufélaga til þess að kosta þá tilraun að öllu leyti. Einnig er vitað, að forráðamenn Reykjavíkurbæjar hafa áhuga á, að hliðstæð tilraun verði gerð með innflutning til þess að bæta kúakyn vort með mjólkurframleiðslu fyrir augum.

Landbúnaðarráðuneytið telur eigi fært að veita heimild til slíks innflutnings samkvæmt lögum nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár, nema sett séu frekari ákvæði þar um, svo sem gert er í frumvarpi þessu.“

Óskir um innflutning þennan eru enn óbreyttar frá því sem var 1949, vakir hvort tveggja fyrir þeim aðilum, sem að málinu standa, að hreinrækta hér ný kyn og að kynbæta íslenska nautgripakynið bæði til mjólkur og holda.